


## Leiðbeiningar við innanhúslagnir vegna VDSL2 og vigrunar



Mynd 1 Rétt og röng uppsetning innanhússtenginga fyrir VDSL2

Þegar sett er upp VDSL2 tenging **verður** að setja upp línudeili eins og sýnt er á mynd 1. Ekki dugur að notast við smásíur (e. Microfilters) eins og fyrir ADSL2+. Ef línudeilir er ekki notaður þá geta komið upp truflanir á tengingum sem þýðir að fara verður aftur heim til viðskiptavinar til að laga hana. Þó svo að í einhverjum tilvikum komi vandamálin ekki strax í ljós, þá er líklegt að þau komi upp síðar t.d. ef viðskiptavinur fær sér síma en var ekki með hann áður eða þegar vigrun er virkjuð á tengingu. Ef ekki er notast við línudeili þá mun samband truflast eða slitna í hvert sinn sem hringt er í eða úr símanúmeri. Einnig geta myndast svokallaðar standbylgjur á línunum sem ekki hafa línudeili sem gerir það að verkum að línun og jafnvel línur í kringum hana truflast.

Við það að setja vigrun á línu þá er milliheyrslu á línunum eytt en þá geta komið í ljós vandamál sem áður hurfu í truflunum frá milliheyrslunni. Á það t.d. við það þegar splitter er rangt upp settur eða hann vantar - eða truflanir frá illa tengdum eða skemmdum símavírur.

Það er lykilatriði að allir vírar sem notaðir eru fyrir innanhúslagnir þ.e. að módemi séu snúnir símavírar eða betri (Cat-kaflar). Flatkaflar eða bjölluvírar duga engan vegin og munu bara valda truflunum á tengingum.

### **Athugið:**

*Á þjónustuvef Mílu er hægt að skoða gæði línunnar.*

*Séu engar óeðlilegar villur á línunni en þjónustan virkar ekki sem skyldi er líklegt að orsaka sé að leita í uppsetningu á router þjónustuveitanda eða lögnum frá honum að myndlykli.*